

Fundargerð 49. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 9. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Fannar Jónsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórn 2018-2020 - 1811005SU

Formaður fer yfir verkaskiptingu innan stjórnar á starfstímabili hennar.

Auk þess sem formaður fór yfir verkaskiptingu stjórnar, stiklaði hann á helstu verkefnum Helgu Guðrúnar sem starfsmanns og helstu starfsskyldum og -venjum stjórnarinnar.

2. Starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - 1811003SU

Umræður um verkefni á starfstímabili stjórnar og framkvæmd þeirra.

Formaður væntir þess að drög að starfsáætlun liggi fyrri á næsta stjórnarfundi.

3. Tillaga til aðalfundur um línuvinnun - 1811001SU

Tillaga Bolungarvíkurkaupstaðar að aðgerðum vegna línuvinnunar rædd. Tillagan var lögð fyrir aðalfund samtakanna þann 10. okt. sl. sem samþykkti að vísa henni til stjórnar. Baldur Smári Einarsson fór að beiðni formanns yfir helstu málavexti.

Í máli Baldurs kom m.a. fram að Bolungarvíkurkaupstaður hefur vaxandi áhyggjur af þróun mála innan útgerðar á línubátum. Línuvinnun sé á fallandi fæti sem byggðaaðgerð og leggur sveitarfélagið til að þær aflaheimildir sem þarna falla undir, muni nýtast þeim sveitarfélögum, sem þessi þróun bitnar á, til nýsköpunar í atvinnulífi viðkomandi byggða.

Stjórn samþykkti að fela formanni og starfsmanni að skoða mögulegar úrlausnir fyrir næsta stjórnarfundi.

4. Frumvarp til laga um veiðigjald 144. mál - óskað umsagnar - 1810002SU

Formaður gerði grein fyrir umsögn samtakanna um frumvarpið og fundi hans með atvinnuveganefnd Alþingis um málið.

5. Önnur mál - 1811004SU

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi var slitið kl. 12:00

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónsson